

# Rannsóknastofa í táknmálsfræðum 2024

## Stjórn, starfsmenn og húsnæði

Rannsóknastofa í táknmálsfræðum er samstarfsvettvangur fræðimanna Málvísindastofnunar Háskóla Íslands og Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra (SHH) sem stunda rannsóknir á íslensku táknmáli. Auk starfsmanna þessara stofnanna geta utanaðkomandi aðilar átt aðild að rannsóknastofunni til skemmri eða lengri tíma. Starfsmenn HÍ og SHH hafa aðstöðu á sínum vinnustað en stofan hefur að öðru leyti ekki yfir sérstöku húsnæði að ráða. Í upphafi árs 2024 varð breyting á reglum rannsóknastofunnar í kjölfar breytinga á fyrirkomulagi rannsóknastofa innan Hugvísindasviðs. Þessar breytingar hafa engin áhrif á starf stofunnar, helstu breytingar eru þær að ekki þarf að skipa stjórn og ekki er lengur kveðið á um fundi. Rannsóknastofan telst nú vera af þeirri gerð sem lýst er sem „óformlegur vettvangur rannsóknastarfs og/eða samvinnu á vel afmörkuðu sviði sem hefur ekki reglubundinn fjárhagslegan rekstur“. Ábyrgðaraðili stofunnar verður greinarformaður í táknmálsfræði og táknmálstúlkun við HÍ sem leiðir starfið ásamt forstöðumanni SHH. Það felst m.a. í því að meta ár frá ári hverjir eru virkir í rannsóknastarfi á sviði stofnunarinnar og fá boð á fundi hennar. Reglur rannsóknastofunnar má lesa hér <https://malvis.hi.is/is/rannsoknir-rannsoknastofur/rannsoknastofa-i-taknmalsfraedum>

## Rannsóknir

### Rannsóknaverkefni og rannsóknastyrkir til félaga í Rannsóknastofu í táknmálsfræðum

Styrkir á árinu:

- Rannveig Sverrisdóttir hlaut styrk úr Rannsóknasjóði HÍ fyrir verkefnið „Íslenskt táknmál og móðurmál innflytjenda í íslenskri stefnumótun“ og Jóhannes Gísli Jónsson fékk styrk úr sama sjóði fyrir verkefnið „Einkunnir með nafnorðum í íslensku táknmáli“ sem Elísa G. Brynjólfssdóttir vannur að.

Þátttaka í málþingum og ráðstefnum:

- Á 37. Rask ráðstefnunni þann 27. janúar flutti Rannveig Sverrisdóttir erindið „Ein mínúta af gögnum er 100 mínútna vinna: Um aðferðafræði og skráningu gagna í táknmálsrannsóknum“ og Jóhannes Gísli Jónsson erindið „Orðaröð í íslensku táknmáli“.
- Á Hugvísindapingi HÍ þann 9. mars var haldin málstofa undir heitinu „Litir, líf og fleira í íslensku táknmáli“. Þar voru flutt eftirfarandi erindi: Valgerður Stefánsdóttir: „Án táknmáls er ekkert líf“, Hólmfríður Þóroddsdóttir: „Undirbúningur táknmálstúlka og áhrif hans á gæði túlkunar“, Þórhalla Guðmundsdóttir Beck: „Hugræn úrvinnsla og inntak litaorða í ÍTM“, Rannveig Sverrisdóttir: „Skráning á setningafræðilegum fyrirbærum í íslensku táknmáli“, Jóhannes Gísli Jónsson og Elísa Guðrún Brynjólfssdóttir: „Einkunnir með nafnorðum í ÍTM“.

- Rannveig Sverrisdóttir flutti erindið „Icelandic Sign Language: Status, threats and hopes“ á ráðstefnunni Changes, beliefs, practices: Current research into the contemporary sociolinguistic situation in Iceland, í Eddu 18. september.
- Valgerður Stefánsdóttir og Rannveig Sverrisdóttir fluttu tvo fyrirlestra um hugmyndafræði og ÍTM, annan á Þjóðarspeglinum, HÍl. nóvember, „Málhugmyndafræði og íslenskt táknmál“, hinn á ráðstefnunni Language ideologies and inequality with perspective on the Arctic, 24. maí í Ilisimatusarfik, Nuuk, „Language ideologies and sign languages: Examples from Icelandic Sign Language“.
- Nokkrir starfsmenn SHH sóttu ráðstefnuna Everything is in our hands sem haldin var í Slóveníu í nóvember. Erindið var tvíþætt, annars vegar þátttaka í ráðstefnunni þar sem Kristín Lena Þorvaldsdóttir, forstöðumaður og Uldis Ozols verkefnisstjóri í táknmálskennslu fluttu erindi um SHH. Hins vegar að taka þátt í stofnun alheimssamtaka táknmálsstofnanna og tók Ísland sæti í vinnuhóp samtakanna sem skipaður var á ráðstefnunni.

Annað:

Í mars 2024 var samþykkt þingsályktun um málstefnu íslensks táknmáls og aðgerðaáætlun 2024-2027. Ein meginstoð málstefnunnar er rannsóknir og varðveisla og eru þrjár aðgerðir tilgreindar undir þeirri stoð. Á haustmisseri 2024 hóf nýr fagstjóri rannsókna, Guðný Björk Þorvaldsdóttir, störf á SHH og er eitt af hennar verkefnum að vinna verkefnaáætlun fyrir málheild um ÍTM í samráði við Rannsóknastofu í táknmálfræðum.

Rannsóknastofan er ábyrgðaraðili í þremur aðgerðum málstefnunnar, þær snúa að verkáætlun málheildar, þróun og mótun iðorðaförða og viðburðum um íslenskt táknmál.

## Heimsóknir fræðimanna

Í apríl 2024 heimsótti Ellert Kolm, táknmálskennari við Västanviks fólkhöskola í Leksand, Svíþjóð, SHH og kynnti kennsluaðferðir byggðar á rannsóknum á sænsku táknmáli, sér í lagi tengdar merkingu munnhreyfinga.

## Kynningarstarfsemi og útgáfa

- Í fyrsta hefti Ritsins 2024 birtist greinin „Hvernig undirbúa táknmálstúlkar sig fyrir túlkaverkefni“ eftir Hólmfríði Þóroddsdóttur.
- Hólmfríður birti einnig aðra grein ásamt Karen Rut Gísladóttur í tímaritinu Journal of Interpretation, „The Effect of Preparation on the Quality of Sign Language Interpretation.“
- 11. febrúar 2024 á degi íslensks táknmáls hóf SHH að birta viðtöl, frásagnir og ýmiss konar efni frá málhöfum íslensks táknmáls. Síðar sama ár, í tilefni alþjóðaviku döff fólks voru birt viðtöl við elstu málhafa sem upptökur eru til af og stendur til að birta meira efni frá fleiri málhöfum á næstu árum. Opið aðgengi að öllu þessu efni skiptir sköpum fyrir áframhaldandi rannsóknir á íslensku táknmáli.